




ÁRSSKÝRSLA 2012





EFNISYFIRLIT ÁRSSKÝRSLU 2012

EFNISYFIRLIT	BLS
Stjórn RARIK og framkvæmdastjórar	4
Inngangur	5 - 7
Stjórnskipurit	8
STARFSEMI RARIK 2012	9 - 21
Aðalfundur 2012	9
Fjármál	10
Dreifikerfi - framkvæmdir	13
Ýmsar tölulegar upplýsingar	15
Tjón vegna óveðurs	18
Hitaveitur	20
Starfsmannamál	21
RARIK ORKUÞRÓUN 2012	22 - 23
ORKUSALAN 2012	24 - 26
ÁRSREIKNINGUR RARIK 2012	27 - 59
Skýringar við ársreikning	35 - 57
STJÓRNARHÆTTIR	58 - 59
ENGLISH SUMMARY	60 - 61



Árni Steinar
Jóhannsson
formaður



Ingibjörg
Sigmundsdóttir
varaformaður



Hilmar
Gunnlaugsson



Huld
Aðalbjarnardóttir



Valdimar
Guðmannsson



Tryggvi Þór
Haraldsson
forstjóri RARIK

Stjórn RARIK ohf 2012-2013

Ný stjórn RARIK ohf var kosin á aðalfundi í mars 2012.

Engin breyting varð á stjórn frá fyrra ári.

Stjórn RARIK ohf 2012-2013 skipa: Árni Steinar Jóhannsson formaður, Ingibjörg Sigmundsdóttir, Hilmar Gunnlaugsson, Huld Aðalbjarnardóttir og Valdimar Guðmannsson.

Tryggvi Þór Haraldsson er forstjóri RARIK.

Framkvæmdastjórar sviða og dótturfyrirtækja



Ólafur Hilmar Sverrisson
(Fjármálasvið)



Ómar Imsland
(Framkvæmdasvið)



Pétur Einir Þórðarson
(Tæknisvið)



Örylgur Jónasson
(Rekstrarsvið)



Magnús Kristjánsson
(Orkusalan ehf)



Steinar Friðgeirsson
(RARIK Orkuþróun ehf)



FRÁ STJÓRNARFORMANNI OG FORSTJÓRA



Tryggvi Þór Haraldsson
forstjóri RARIK



Árni Steinar Jóhannsson
formaður stjórnar RARIK

Rekstur RARIK samstæðunnar á árinu 2012 gekk vel. Tekjur hækkuðu um 6% frá fyrra ári á meðan gjöld lækkuðu lítillega. Tekjur af heimtaugum RARIK urðu heldur meiri en áætlað var, einkum vegna tengingar nokkurra stórra viðskiptavina, en á móti voru fjármagnsliðir heldur óhagstæðari en búist var við. Fjárfestingar voru meiri en mörg undanfarin ár, sem annars vegar skýrist af nýjum viðskiptavinum og stækkun heimtauga hjá uppsjávarfyrirtækjum á Austurlandi og hins vegar af miklum framkvæmdum við hitaveitur. Fjárfestingar í dreifkerfinu voru í samræmi við áætlanir, að því undanskildu að framkvæmdum í Mývatnssveit var flýtt í kjölfar tjóns þar.

AFKOMA ÁRSINS

Hagnaður ársins var rúmur 1,5 milljarður sem var í samræmi við áætlanir. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) var á árinu 4.351 milljón króna, eða sem nemur 38% af veltu. Rekstrartekjur voru 11.412 milljónir sem er um 6% aukning frá fyrra ári og rekstrargjöld voru 8.428 milljónir og lækkuðu um 1,4% á milli ára. Fjármagnsgjöld voru 1.282 milljónir og hagnaður eftir skatta 1.541 milljón króna.

Gjaldskrá RARIK fyrir flutning og dreifingu raforku var hækkuð í upphafi árs um 7,5% í dreifbýli og 5% í þéttbýli. Þá hækkaði Orkusalan gjaldskrá sína um 6,4% þann 1. júlí og gjaldskrá hitaveitna hækkaði um 6% þann 1. september. Dreifing á forgangsraforku jókst um 3,5% á milli ára.

Aukningin var fyrst og fremst í þéttbýli en lítilsháttar samdráttur varð í dreifbýli (sveitunum). Aukning í ótryggðri raforkudreifingu var rúm 21%. Sala á forgangsrorku jókst lítillega á árinu en sala á ótryggðri orku dróst saman. Á árinu var gefinn út skuldabréfaflokkur að upphæð 2.000 milljónir, en ákveðið að selja á árinu aðeins helming flokksins.

Heildareignir RARIK í árslok voru skv. efnahagsreikningi 44,6 milljarðar að teknu tilliti til endurmats eigna og heildarskuldir 19,1 milljarður. Eigið fé var því 25,5 milljarðar, eða 57,2%.

STARFSEMIN Á ÁRINU

Fjárfestingaverkefni gengu vel, en vegna tjóns á dreifkerfinu á Norðurlandi voru gerðar nokkrar breytingar á upphaflegri fjárfestingaáætlun og nokkrum verkefnum frestað á móti nýjum verkefnum í kjölfar tjóns. Heildarfjárfestingar voru 3,2 milljarðar króna, þar af rúmir 2,6 milljarðar vegna rafdreifkerfisins og rúmur hálfur milljarður vegna hitaveitna.

Á árinu varð mesta tjón sem orðið hefur á rafdreifkerfi RARIK í 17 ár, eða frá árinu 1995. Í ársbyrjun urðu nokkrar truflanir á dreifkerfinu á Snæfellsnesi og í árslok urðu talsverð tjón á línukerfinu þar og í Dölum í kjölfar mikillar ísingar. Unnið verður að endanlegri viðgerð vegna þess tjóns á árinu 2013.

Í september varð verulegt tjón á rafdreifkerfinu á Norðurlandi. Þann 10. september brast á ofsaveður með ísingu sem sligaði línukerfið víða á Norðurlandi. Mest varð tjónið í Mývatnssveit þar sem nánast allt línukerfið gaf sig og um 100 staurar brotnuðu. Til bráðabirgða voru lagðir jarðstrengir ofanjarðar til að flýta því að koma rafmagni á sveitina og tókst það vel við mjög erfiðar aðstæður.

Í framhaldinu var ákveðið að í stað þess að lagfæra línukerfið yrði endurnýjun dreifkerfisins flýtt og það endurbyggt með jarðstrengjum og jarðspennistöðvum. Verður það gert í tveimur áföngum, en í fyrri áfanganum sem lauk í nóvember voru lagðir um 35 km af jarðstrengjum og í seinni áfanganum sem unninn verður á árinu 2013 verða lagðir um 15 km. Þá verður nánast allt dreifkerfið í Mývatnssveit komið í jörð.

Meiri notkun var á varaafsvélum RARIK en mörg undanfarin ár og kom vel í ljós á árinu hve mikilvægt er að hafa færanlegar gámafélur til að bregðast við truflunum, bæði fyrir flutnings- og dreifkerfi raforku. Þannig flutti RARIK sex færanlegar varaafsvélar í Norður Þing, þar af þrjár frá öðrum aðilum, vegna bilunar á flutningslínu Landsnets frá Laxárvirkjun til Kópaskers. Þannig var komið í veg fyrir umfangsmikið rafmagnsleysi, sem annars hefði varað í nokkra daga hjá flestum viðskiptavinum RARIK frá Tjörnesi og austur á Bakkafjörð.

Þessar vélar bættust við þær varaafsvélar sem fyrir eru á Raufarhöfn, Þórshöfn og Bakkafirði. Þá voru þrjár færanlegar vélar fluttar í Snæfellsbæ um áramótin til að aðstoða við raforkuframléiðslu virkjunar og díselvéla

sem þar eru staðsettar. Þannig var hægt að komast hjá nær átta daga rafmagnsleysi og skömmun á rafmagnni í Snæfellsbæ. Á næstu árum er gert ráð fyrir að meira vægi verði lagt á uppbyggingu færnanlegra varaafsvéla.

Á árinu voru miklar framkvæmdir tengdar hitaveitustarfsemi. Í ársbyrjun var samið um kaup á öllu efni í hitaveitu til Skagastrandar og stofnlögn frá Reykjum í Húnavatnshreppi til Blönduóss. Efnið var allt afgreitt á vormánuðum. Lokið var við stofnlögn hitaveitu til Blönduóss á árinu og gekk verkið vel og í samræmi við áætlanir. Gert er ráð fyrir að á árinu 2013 verði lokið við að leggja stofnlögn frá Blönduósi til Skagastrandar ásamt því að leggja allt innanbæjarkerfið á Skagaströnd. Þá verður hitaveitan á Skagaströnd tekin í notkun og sameinuð hitaveitunni á Blönduósi.

Á árinu voru haldnir kynningarfundir meðal íbúa á svæðinu og hitaveitudagar á Skagaströnd. Í nóvember var hafist handa við borun tilraunavinnsluholu við Hoffell í Hornafirði, en RARIK hefur ásamt sveitarfélaginu staðið að jarðhitaleit þar undanfarin 10 ár. Borun lauk ekki fyrr en á árinu 2013. Vísbendingar eru um að þar megi finna nægilega mikið af heitu vatni til að það dugi fyrir hitaveitu á Höfn og byggðina milli Hoffells og Hafnar.

Í rafdreifikerfi RARIK var unnið að styrkingu og endurnýjun kerfisins eins og undanfarin ár og námu fjárfestingar um tveimur milljörðum króna. Nú er um 47% af háspennu rafdreifikerfi RARIK í jarðstrengjum. Víst má telja að mun umfangsmeira tjón hefði orðið á rafdreifikerfinu síðastliðið haust og vetur, ef jarðstrengsvæðingin væri ekki komin þetta langt. Stærstu verkefni á árinu voru lagning 20 km jarðstrengs á sunnanverðu Snæfellsnesi, 30 km jarðstrengur á milli Bakkafjarðar og Þórshafnar, 9 km jarðstrengur á Tjörnesi, um 35 km jarðstrengir í Mývatnssveit, auk fjölda styttri strenglagna.

Nokkrar stórar heimtaugar voru afgreiddar á árinu. Unnið var að tengingu nýrrar stálbræðslu á Grundartanga, stækkaðar heimtaugar hjá frystihúsinu á Þórshöfn, Sláturhúsinu á Sauðárkróki, Mjólkursamlaginu á Sauðárkróki og Prímex á Siglufirði. Veruleg stækkun var á nokkrum heimtaugum viðskiptavina RARIK í uppsjávargeirnum á Austurlandi sem nú eru að breyta orkunotkun í fiskimjölsverksmiðjum úr olíu yfir í rafmagn. Það er jákvæð þróun og ánægjulegt fyrir RARIK að taka þátt í þeirri miklu umbreytingu.

Um verulega orkunotkun er að ræða og til að gefa hugmynd um umfangið hefur verið áætlað að olíunotkun uppsjávartækja á Austurlandi muni við rafvæðinguna minnka sem samsvarar árlegri notkun 25.000 fólksbifreiða.

Stækkaðar voru heimtaugar vegna fiskimjölsverksmiðja á Vopnafirði, Neskaupsstað, Eskifirði og Fáskrúðsfirði. Lagðir voru nokkrir kílómetrar af háspennulögnum vegna þessara verkefna, bætt við 20 MVA spennu á Neskaupsstað og pantaðir nýir spennar fyrir Eskifjörð og Fáskrúðsfjörð sem settir verða upp á árinu 2013. Þá hófst undirbúningur að stækkun fyrir bræðsluna á Höfn í Hornafirði á árinu, en áformað er að verkinu ljúki á árinu 2013.


Fyrirvaralausar rekstrartruflanir í dreifikerfi RARIK voru færri á árinu 2012 en árið á undan, en skerðing á raforkuafhendingu var hins vegar talsvert meiri en nokkur undanfarin ár. Aukninguna má að öllu leyti rekja til náttúruaflla, en óvenju mikil stórvíðri gengu yfir landið á árinu, einkum á Norðurlandi í september og á Snæfellsnesi í lok árs, eins og áður er getið.

DÓTTURFÉLÖG

Rekstur Orkusölnunnar á sjötta starfsári fyrirtækisins gekk vel og var hagnaður eftir skatta 496 milljónir króna og eiginfjárlutfall í árslok 57,5%. Orkusalan á og rekur 5 vatnsaflsvirkjanir og framleiðir sjálf um þriðjung af þeirri orku sem hún selur. Fyrirtækið er með um 30% markaðshlutdeild á almennum raforkumarkaði og var eigin framleiðsla svipuð og á síðasta ári og engar stórvægiðlegar bilanir.

Unnið var á árinu að undirbúningi vegna stækkunar Rjúkandavirkjunar í Snæfellsbæ, boðin var út ný vatnsvél og áfram haldið með undirbúning og hönnun stækkunarinnar. Reiknað er með að taka stækkaða virkjun í notkun haustið 2013. Þá var unnið að mati á hagkvæmni endurnýjunar Grímsárvirkjunar og að ýmsum smærri verkefnum í öðrum virkjunum. Áfram var haldið með undirbúning vegna virkjunar Hólmsár í Vestur-Skaftafellssýslu, en það verkefni er unnið í samstarfi við Landsvirkjun.

Á árinu var m.a. unnið að jarðfræði- og vatnafarsrannsóknum, hafið mat á umhverfisáhrifum og öllum sérfræðiskýrslum vegna þess lokið á árinu. Virkjun Hólmsár með miðlun við Atley lenti hins vegar í biðflokki





í þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu lands-
svæða, þannig að á næstunni verður aðallega unnið að
lúkningu á mati á umhverfisáhrifum og verkhönnun. Hjá
Orkusöluinni starfa 14 manns.

Rekstur RARIK Orkuþróunar ehf. á sínu fimmta starfsári
var í samræmi við áætlanir. Unnið var fyrir Orkusölu að
hluta verkefnisstjórnar vegna undirbúnings Hólmsár-
virkjunar. Helstu verkefni voru vegna kjarnaborunar og
undirbúnings mats á umhverfisáhrifum. Þá var áfram
unnið að undirbúningsrannsóknum í Sjávarorku ehf, en
fyrirtækið er með rannsóknarleyfi í Hvammsfirði vegna
sjávarfallavirkjunar. RARIK Orkuþróun ehf. seldi allan
hlut sinn í Bláfall Energi AS í Noregi á árinu, en tilgangur
þess félags er bygging smærri vatnsaflsvirkjana í Noregi.
Öðrum erlendum verkefnum sem unnið hefur verið að
var á árinu haldið í lágmarki. Hjá RARIK Orkuþróun ehf. er
einn starfsmaður.

Dótturfélagið Ljós- og gagnaleiðari sem RARIK
stofnaði á árinu 2009 leigir út hluta af ljósleiðara sem það
á í Örafum. Að öðru leyti var enginn eiginlegur rekstur í
félaginu og enginn starfsmaður.

RARIK seldi 50% hlut sinn í Héraðsvötnum ehf. í lok
ársins, en félagið hefur staðið að undirbúningi virkjana í
Héraðsvötnum í Skagafirði.

TRAUSTIR INNVIÐIR NAUÐSYNLEGIR

Í nútíma samfélagi er dreifing og afhending raforku
einn af stóru hornsteinum nauðsynlegra innviða. Landið
verður ekki nýtt, það verður ekki um það farið og í því
verður ekki lifað og starfað án þess að afhending á raforku
sé örugg og í boði á viðráðanlegu verði.

RARIK rekur yfir 8.000 kílómetra af háspennulögnum
í dreifikerfi sínu. Frá árinu 1991 hefur verið kappkostað
að koma eins miklu af kerfinu í jarðstrengi eins og
fjárhagur fyrirtækisins hefur leyft. Nú er svo komið
að um það bil 47% þess er komið í jarðstrengi. Það er
öllum ljóst, að jarðstrengjavæðing dreifbýlisins skiptir
sköpum í afhendingaröryggi hvað orku varðar. Megnið
af dreifikerfi RARIK verður þó ekki komið í jarðstrengi
fyrir en á árinu 2035 miðað við núgildandi áætlun um

endurnýjun, sem byggir á því að afkoman af rekstrinum
standi undir endurnýjuninni.


RARIK valdi við setningu nýrra raforkulaga að vera
með sérstaka gjaldskrá fyrir dreifbýli (sveitirnar) og aðra
fyrir þéttbýli, eins og heimilað var. RARIK er því skylt að
aðgreina allar tekjur og kostnað af dreifingu í dreifbýli
frá tekjum og kostnaði við dreifingu í þéttbýli. Fyrirtækið
hefur nú fullnýtt sér tekjuheimildir sínar í þéttbýli, en
vegna mikils verðmunar á milli dreifbýlis og þéttbýlis,
hefur fyrirtækið haldið aftur af verðskrárhækkunum í
dreifbýli á undanförunum árum. Hins vegar er ljóst að
fyrirtækið mun þurfa að hækka gjaldskrá sína í dreifbýli
umfram verðlag á næstu árum, ef fyrirtækið á að geta
sinnt nauðsynlegri endurnýjun dreifikerfisins.

Ástæða er til að minna á að rafdreifikerfið til sveita
er um það bil 20 sinnum umfangsmeira en í þéttbýli
og fjöldi spennistöðva tífaldur. Orkumagnið sem fer
um dreifikerfi til sveita er hins vegar heldur minna en í
þéttbýli á veitusvæði RARIK. Þá er rekstur dreifikerfisins í
sveitunum erfiðari en í þéttbýlinu, einkum vegna þess að
í þéttbýlinu er allt dreifikerfið komið í jarðstrengi á meðan
meirihluti kerfisins er enn í loftlínunum í sveitunum.

Öllum má því vera ljóst að kostnaður við raforku-
dreifingu í dreifbýli er mun meiri en í þéttbýli. Munur
á meðalverði í flutningi og dreifingu á raforku milli
dreifbýlis og þéttbýlis var 43,5% á árinu 2012 og dugir
þó ekki til. Það er meiri munur en nokkur gat búist við
þegar núverandi raforkulög voru samþykkt, enda var
gert ráð fyrir að þetta yrði að mestu jafnað með sérstöku
framlagi af fjárlögum. Því miður virðist ekki nægur vilji
til að forgangsraða fjármunum til þessa málaflokks á
fjárlögum, þannig að dugi til að jafna þennan mun alveg.
Til þess þyrfti viðbótar framlög á fjárlögum, sem nemur
um 800 milljónum króna. Hækkun á niðurgreiðslum til
húshitunar í ársbyrjun 2013 hjálpar þó til gagnvart þeim
sem þeirra njóta.

Þegar Alþingi breytti raforkulögum var tekin ákvörðun
um að jöfnun á kostnaði við dreifingu á rafmagni í
dreifbýlinu skyldi gerð með framlögum í fjárlögum
ár hvert. Við þessa ákvörðun verður að standa, þar til
önnur eða betri leið verður fundin í þessum efnum. Að
öðrum kosti verður aðstöðumunurinn á milli þéttbýlis og
dreifbýlis í byggðum landsins á þessari grunnþjónustu og
nauðsynlegu innviðum í nútímasamfélagi óbærilegur.

Tyrra P. Haraldur
Anna Steinar Þórnason





AÐALFUNDUR RARIK 2012

Aðalfundur RARIK var haldinn í höfuðstöðvum fyrirtækisins föstudaginn 16. mars.

Árni Steinar Jóhannsson, formaður stjórnar RARIK ohf. flutti ávarp við upphaf aðalfundarins og sagði m.a. að nauðsynlegt sé að hefja af fullri alvöru umræðu um fyrirkomulag til jöfnunar á raforkukostnaði. Hann taldi að vel kæmi til álita að verja hluta af þeim tekjum sem ríkissjóður aflar nú í formi orkuskatta, til þess að jafna raforkuverð í landinu.

Árni sagði það einnig koma á óvart að Hólmsárvirkjun sé ekki í nýtingarflokki, í ljósi þess hve upphaflegur virkjunarkostur í Hólmsá kom vel út í fyrsta hluta rammaáætlunar og hve mikið hefur verið gert til að minnka umhverfisáhrif með því að velja virkjuninni stað við Atley.

Að lokum þakkaði hann fyrir hönd stjórnar starfsmönnum RARIK fyrir fórnfús störf í þágu fyrirtækisins: *“Við gerum okkur öll grein fyrir því, að velgengni fyrirtækisins á sínar styrku stoðir í þeim mannauði sem RARIK býr yfir”.*

Ennfremur þakkaði Árni meðstjórnarmönnum sínum og forstjóra fyrirtækisins kærlega fyrir samstarfið á liðnu ári og sagði: *„Um allar ákvarðanir ríkti algjör einhugur með stjórn og forstjóra sem ég tel hafa verið lykilinn að þeim árangri sem náðst hefur og að fyrirtækið stendur traust“.*

Tryggvi Þór Haraldsson forstjóri, flutti yfirlit mikla skýrslu stjórnar og forstjóra um starfsemina á síðasta ári.

Í máli hans kom fram að rekstur RARIK samstæðunnar á árinu 2011 var í samræmi við áætlanir og gekk ágætlega eins og niðurstaða ársreiknings ber með sér. Fjármagnsgjöld reyndust þó hærri en búist var við, einkum vegna meiri verðbólgu en gert var ráð fyrir.

Tryggvi sagði ennfremur að rekstraráætlanir ársins gerðu ráð fyrir áframhaldandi aðhaldi í rekstri, en dregið var nokkuð úr þeim mikla niðurskurði sem farið var í á árunum 2009 og 2010 sem m.a. fólst í frestun á fjölmörgum viðhalds- og endurnýjunarverkefnum við dreifikerfið.

“Eins og undanfarin ár var öll endurnýjun línukerfisins í formi þriggja fasa jarðstrengja og undanfarin ár hafa árlega verið lagðir 2-3 hundruð km af háþennu jarðstrengjum, í stað loftlína. Hlutfall jarðstrengja í raforkudreifikerfi í strjálbýli fer því ört vaxandi og er nú orðið um 43%.”

Að lokum flutti Tryggvi Þór starfsmönnum og stjórn þakkir fyrir frábært starf 2011.

Þórhallur Arason, fulltrúi eiganda, kvaddi sér hljóðs og bar fundinum kveðju Oddnýjar G. Harðardóttur, fjármálaráðherra, sem ekki gat mætt á fundinn. Hann lýsti yfir ánægju með að hagar félagsins væri góður. Þórhallur gat þess einnig að unnið væri að eigandastefnu á vegum fjármálaráðuneytisins, en ráðuneytið fer nú með eignarhluta ríkisins í flestum félögum þess.

Að lokum þakkaði hann stjórn fyrir störf í þágu félagsins. Einnig þakkaði hann forstjóra og starfsmönnum RARIK fyrir árangursríkt starf.



Stjórn RARIK ohf 2012-2013 var valin óbreytt frá fyrra tímabili, en hana skipa: Árni Steinar Jóhannsson formaður, Ingibjörg Sigmundsdóttir, Hilmar Gunnlaugsson, Huld Aðalbjarnardóttir og Valdimar Guðmannsson.

hækka dreifbýlisgjaldskrá umfram verðlagshækkunar á næstu árum.

Tekjuheimildir í þéttbýli eru hins vegar fullnýttar m.a. vegna tekna af tengigjöldum og gera áætlanir

FJÁRMÁL


Árið 2012 var hagstætt fyrir starfsemi RARIK, í tölu- legum samanburði er það besta rekstrarár félagsins frá því hlutafélagið var stofnað, árið 2006. Tekjur hækkuðu um 6% frá fyrra ári en rekstrargjöld lækkuðu um 1,4%.

Niðurstaða rekstrar fyrir fjármagnsliði var betri en áætlanir gerðu ráð fyrir en fjármagnsliðirnir voru heldur óhagstæðari. Hagnaður ársins var því svipaður og gert hafði verið ráð fyrir í áætlunum.

REKSTUR 2012

Rekstrarhagnaður ársins 2012 (EBIT) var 2.984 milljónir króna sem er um 26% af veltu. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) var um 38% sem hlutfall af veltu eða 4.351 milljón króna.

Í byrjun ársins voru báðar gjaldskrár dreifingar hækkaðar, dreifbýlisgjaldskrá um 7,5% en þétt- býlisgjaldskrá um 5%. Þrátt fyrir þessa hækkun dreifingar er RARIK ekki að fullnýta tekjuheimildir sínar, samkvæmt ákvæðum raforkulaga, í dreifbýlinu og mun þurfa að



RARIK ekki ráð fyrir því að dreifigjaldskrá í þéttbýli hækki næstu misserin, nema miklar breytingar verði á verðlagi. Gjaldskrá hitaveitna RARIK hækkaði um 6% frá 1. september. Þá hækkaði Orkusalan verðskrá sína um 6,4% þann 1. júlí til samræmis við hækkun Landsvirkjunar á heildsöluverði til Orkusöluunar.


Rekstrartekjur ársins voru 11.412 milljónir króna sem er aukning um 6% frá fyrra ári. Rekstrargjöldin voru 8.428 milljónir króna sem er 1,4% lækkun frá árinu 2011. Fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur ársins voru 1.282 milljónir sem er rúmlega 8% af vaxtaberandi skuldum í upphafi ársins.

Rekstrarniðurstaða fyrir áhrif hlutdeildarfélag og skatta er jákvæð sem nemur um 1.702 milljónum króna samanborið við 988 milljónir árið 2011. Áhrif hlutdeildarfélagins Landsnets eru jákvæð um 180 milljónir króna. Hagnaður ársins að teknu tilliti til tekjuskatts er 1.541 milljón króna. Vegna endurmats eigna á árinu 2012 er reiknaður heildarhagnaður ársins 6.180 milljónir króna en hann færir á eigið fé.

EFNAHAGUR

Heildareignir RARIK samkvæmt efnahagsreikningi eru 44.569 milljónir króna, skuldir í árslok eru 19.062 milljónir króna og því er eigið fé 25.507 milljónir króna og er eiginfjárhlutfallið 57,2%. Á árinu 2012 voru eignir samstæðunnar, fyrir utan eignir hitaveitna, endurmetnar

RAFORKUDREIFING 2012 1085 GWh



*Sala á ótryggðri orku er nær eingöngu í þéttbýli.

LYKILTÖLUR

ÚR ÁRSREIKNINGUM 2008-2012	2008	2009	2010	2011	2012
	mkr	mkr	mkr	mkr	mkr
Rekstrartekjur	7.830	8.703	9.694	10.768	11.412
Rekstrargjöld	6.851	6.973	7.907	8.547	8.428
Rekstrarhagnaður	979	1.731	1.787	2.221	2.984
Fjármunatekjur / fjármagnsgjöld	-5.645	-1.804	56	-1.233	-1.282
Áhrif hlutdeildarfélag	-2.877	331	802	189	180
Hagnaður / tap fyrir skatta	-7.543	257	2.646	1.177	1.882
Tekjuskattur	310	440	-127	-163	-341
Hagnaður / Tap	-7.232	697	2.518	1.014	1.541
Eignir samtals	31.923	35.663	37.032	37.262	44.569
Eigið fé	13.942	15.982	18.314	19.327	25.507
Skuldir	17.982	19.682	18.718	17.935	19.062
Handbært fé frá rekstri	1.150	1.847	2.067	2.779	3.257
Greidd vaxtagjöld	901	749	842	623	630
EBITDA	1.884	2.843	3.054	3.520	4.351
Vaxtaþekja	2,09	3,80	3,63	5,65	6,91
Eiginfjárhlutfall	43,7%	44,8%	49,5%	51,9%	57,2%

og uppfærðar miðað við endurmatið. Rekstrarfjármunir dreifiveitu voru endurmetnir miðað við 31. desember 2012. Endurmatið er miðað við endurmatsgrunn eigna félagsins fyrir Orkustofnun.

Endurmat eigna dreifiveitu á árinu 2012 nam 3.474 milljónum króna án tekjuskattsáhrifa. Óháðir sérfræðingar voru jafnframt fengnir til þess að meta hvort vísbendingar væru um virðisrýrnun með því að meta nýtingarvirði eigna dreifiveitu.

Virkjanir voru endurmetnar miðað við 31. desember 2012 og var endurmatið unnið af óháðum sérfræðingi. Mat tekna var byggt á verðlagningu í 12 ára heildsölusamningum Landsvirkjunar. Byggt var á rekstrarkostnaði fyrri ára og hann framreiknaður. Endurmat virkjana á árinu 2012 nam 2.325 milljónum króna án tekjuskattsáhrifa.

Áhrif endurmats eigna dreifiveitunnar og virkjana til hækkunar á efnahag félagsins var 4.639 milljónir króna að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa.

FJÁRMÖGNUN

Á árinu 2012 var gefinn út skuldabréfaflokkur, sem skráður var í Kauphöll Íslands, að fjárhæð 2.000 milljónir króna. Ákveðið var að selja helming flokksins á árinu 2012 með möguleika á að selja hinn hlutann á árinu 2013.

Skuldabréfin eru verðtryggð, bera 3,5% fasta vexti og lánstíminn er 20 ár.


Hlutfall erlendra skulda í árslok var tæplega 19% af skuldum félagsins og ef ekki verða tekin ný erlend lán verða þau að fullu greidd upp á árinu 2018.

Á árinu 2013 er gert ráð fyrir að leita þurfi eftir lánsfjármagni sem nemur um 1.000 milljónum króna en þörf samstæðunnar fyrir fjármögnun á næstu árum, miðað við núverandi langtímaáætlun um fjárfestingar og afborganir lána, verður einkum á árunum 2015 og 2016 samtals um 4.500 milljónir króna.

HORFUR Í REKSTRI ÁRIÐ 2013

Horfur í rekstri RARIK á árinu 2013 eru góðar. Gert er ráð fyrir að hagnaður af rekstri félagsins verði svipaður og á árinu 2012. Áætlanir fyrir árið 2013 gera ráð fyrir að forgangskusala og dreifing aukist lítillega, sem er í samræmi við þróun undanfarinna ára.

Rekstur hitaveitna verður með svipuðu sniði og undanfarin ár, gert er ráð fyrir að fyrstu hús á Skagaströnd verði tengd við nýja hitaveitu sem byggð verður á árinu en ekki er reiknað með rekstrartekjum af veitunni fyrr en á árinu 2014.



DREIFIKERFI

Unnið var að endurnýjun og styrkingu dreifikerfisins eins og undanfarin ár. Aukning í kerfinu vegna umsókna frá viðskiptavinum var nokkru meiri en á síðasta ári og er að mestu tilkomin vegna þess að fiskimjòlsverksmiðjur á Austurlandi settu upp rafbúnað til að nýta ótryggða orku í stað olíu í bræðslunum.

Nokkuð dró úr umsóknum um heimtaugar fyrir sumarhús á Suður- og Vesturlandi miðað við undanfarin ár.

Heildar fjárfesting í 11 og 19 kV dreifikerfum nam tæpum 2 milljörðum króna, bæði í endurnýjun og aukningu sem er töluvert hærra upphæð en árið áður. Rúmur helmingur þessarar upphæðar fór til endurnýjunar og styrkingar á dreifikerfinu og þar af var um 900 milljónum króna varið til endurnýjunar og styrkingar á loftlínukerfi í dreifbýli með jarðstrengjum.

Þetta er nokkru hærra upphæð en fyrirbyggjandi endurnýjunaráætlun gerði ráð fyrir. Ástæðan er fyrst og fremst endurnýjun á stórum hluta loftlínukerfis við Mývatn í kjölfar mikils tjóns í ísingarveðri í september.

Fjárfestingar í stofnkerfum og orkusölumælum námu um 680 milljónum króna bæði í endurnýjun og aukningu.

FRAMKVÆMDIR Í DREIFBÝLI

Eins og fyrr segir var meira unnið að endurnýjun á loftlínudreifikerfi í dreifbýli á árinu en langtímaáætlun gerði ráð fyrir. Þar sem loftlínukerfið í Mývatnssveit fór mjög illa og var komið á aldur, var ákveðið að endurnýja stóran hluta kerfisins með jarðstrengjum.

Nú er svo komið að um 47% af háspennudreifikerfinu er jarðstrengskerfi. Strengvæðingin hefur aukið mjög rekstraröryggi í dreifbýli og hefur truflunum sem rekja má



til veðurs stöðugt fækkað með aukinni strengvæðingu. Telja má víst að ísingarveðrið sem gekk yfir Norðurland í september og svo að nýju í desember á Vesturlandi hefði valdið mun meira tjóni og víðtækara straumleysi hefði strengvæðing kerfisins ekki verið komin eins langt og raun ber vitni. Við strenglagn í stað loftlínu, þarf yfirleitt jafnframt að endurnýja spennistöðvar.

Að öðru leyti voru helstu framkvæmdir á rekstrar-svæðum RARIK þessarar:

Á Vesturlandi var unnið að endurnýjun á loftlínunum í Staðarsveit út frá aðveitustöð við Vegamót og voru þar lagðir um 20 km af háspennustreng með tilheyrandi endurnýjun á spennistöðvum. Lagður var 33 kV strengur ásamt tveimur 11 kV strengjum frá aðveitustöð á Brennimmel um 5 km leið að hafnarsvæði við Grundartanga fyrir væntanlega stálbræðslu GMR. Einnig var unnið að uppsetningu á 10 MVA 132/33 kV spennu og 11 kV rofasett endurnýjað í aðveitustöð á Brennimmel.

Unnið var að styrkingu dreifikerfa í sumarhúshverfum í Eyrarskógi, Hvalfjarðarsveit og Svarfólsskógi við Meðalfellsvatn. Settur var upp millispennir í dreiflínu út frá Vatnshömrum til að draga úr jarðstraumum í kerfinu.

Á Norðurlandi var m.a. lokið við endurnýjun háspennulínu milli Þórshafnar og Bakkafjarðar með jarðstreng, um 30 km leið.

Lagður var háspennustrengur frá Húsavík að væntanlegri smávirðjun við Köldukvísl á Tjörnesi um 9 km leið og verður strengurinn um leið hluti af endurnýjun á línu fyrir Tjörnes. Stærsta verkefnið í dreifikerfi í dreifbýli á Norðurlandi var endurnýjun á dreifikerfinu í Mývatnssveit, í kjölfar ísingarveðurs eins og áður er getið.

ORKUFLÆÐI Í DREIFIKERFI RARIK 2012

Innmötun	GWh	GWh
Landsnet		1.003
- þar af ótryggð orka	190	
Virkjanir og varmaafli		183
- þar af virkjanir RARIK	63	
- orkuflæði frá virkjunum inn á flutningskerfi		-41
Samtals innmötun til dreifingar		1.145
Úttekt	GWh	GWh
RARIK		1.085
Dreifikerfi	1.085	
Stofnkerfi	0	
Töþ í dreifikerfi		60
Samtals úttekt		1.145

Á Austurlandi var unnið að endurnýjun línukerfis við Borgarhöfn í Suðursveit og lagðir um 6 km af jarðstreng. Lögð var háspennulögn að sumarhúsaferfi í Fannardal í Norðfirði.

Lokið var við tengingu Rangárvirkjunar við dreifikerfið, en um er að ræða smávirðingun á Fljótsdalshéraði.

Á Suðurlandi var unnið við endurnýjun á línukerfi á Rangárvöllum við Odda og Gunnarsholt. Einnig var unnið að endurnýjun á línunum í Helludal í Biskupstungum og við Skarð í Landssveit. Lagður var háspennustrengur

TENGDAR VIRKJANIR Í ÁRSLOK 2012

Virkjun tengd dreifikerfi RARIK	Afl (kW)	Tengiár
Bjarnarflag	2.500	Fyrir 1980
Fjarðarselsvirkjun	160	Fyrir 1980
Garðsárvirkjun	174	Fyrir 1980
Grimsárvirkjun	2.800	Fyrir 1980
Laxárvatnsvirkjun	480	Fyrir 1980
Rjúkandavirkjun	840	Fyrir 1980
Skeiðsfossvirkjun I	3.200	Fyrir 1980
Skeiðsfossvirkjun II	1.600	Fyrir 1980
Smyrlabjargarárvirkjun	1.000	Fyrir 1980
Sleitustaðavirkjun	218	1985
Koltunguvirkjun (Þorvaldseyri)	17	2001
Rollulækjarvirkjun (Króksmenn)	55	2001
Beinársvirkjun (Hótel Geysir)	65	2003
Kerahnjúkavirkjun	370	2003
Sandárvirkjun IV	245	2003
Kiðárvirkjun I	150	2004
Kiðárvirkjun II	400	2004
Stuttárvirkjun	13	2004
Árteigsvirkjun 4	500	2005
Múlavirkjun	3.100	2005
Sandárvirkjun V	456	2005
Lindavirkjun	638	2006
Systragilsvirkjun	108	2006
Ljósárvirkjun	980	2007
Selárvirkjun	170	2007
Bjólfsvirkjun	6.400	2008
Gúlsvirkjun	3.400	2009
Árteigsvirkjun 5	715	2009
Belgsholt	30	2011

Samtals **30.784**

Stærstu virkjanir landsins eru tengdar Landsneti, en fjöldi einkavirkjana og smærri virkjanir RARIK og Orkusölnunnar eru tengdar dreifikerfi RARIK beint.



Þessir bílar bættust í bílaflotann á árinu og leystu af hólmum þreytta fyrirrennara sína.

frá Vegatungu að Spóastöðum í Biskupstungum og er það liður í að koma á sterkri 11 kV tengingu milli aðveitustöðvar í Reykholti og Ljósafossvirkjunar.

Þá var lagður jarðstrengur frá Kaldárhöfða að sumarhúsaferfi í landi Miðfells við Þingvallavatn í stað tveggja víra línu. Einnig var unnið að styrkingu á dreifikerfinu í sumarhúsaferfinu en þar eru nú komin rúmlega 200 sumarhús en þar hafa verið spennuvandamál á álagstímum. Auk þessa var unnið að styrkingum á dreifikerfum víða í sumarhúsaferfum á Suðurlandi.

ÞÉTTBÝLIS- OG BYGGÐAKJARNAR

Á Vesturlandi var sett upp ný rofastöð og spennistöð á hafnarsvæðinu við Grundartanga vegna stálbræðslu GMR sem tekur til starfa 2013. Í Borgarnesi var unnið að undirbúningi að breytingu á háspennukerfinu úr 6 kV í 19 kV með lagningu 19 kV háspennustrengs og útskiptum á háspennurofabúnaði í fjórum spennistöðvum.

Á Norðurlandi voru framkvæmdir í þéttbýli að mestu bundnar við stækkanir á heimtaugum hjá fyrirtækjum. Spennistöðvar voru stækkaðar fyrir frystihúsið á Þórshöfn, Sláturhúsið á Sauðárkróki, Prímex á Siglufirði og Mjólkursamlagið á Sauðárkróki. Á Húsavík var áfram unnið að undirbúningi þess að leggja af 6 kV háspennudreifikerfi.




LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI RARIK 2012

Lykill	Eining	Tími	2011	2012
Íbúar á orkuveitusvæði rafmagns	fjöldi	í árslok	50.684	50.606
Orkudreifing rafmagns alls:	GWh	yfir árið	1.021	1.085
- þar af í þéttbýli	GWh	yfir árið	613	679
- þar af í dreifbýli	GWh	yfir árið	409	406
- þar af í stofnkerfi	GWh	yfir árið	0	0
Raforkuvinnsla í eigin orkuverum	GWh	yfir árið	66	65
Afl inn á dreifikerfi rafmagns (samlagað)	MW	yfir árið	206	214
- Afl dreifitapa rafmagns (samlagað)	MW	yfir árið	23	17
- Afl afhent út af dreifikerfi rafmagns (samlagað)	MW	yfir árið	183	197
Meðalverð rafmagnsdreifingar (sala undanskilin) ¹⁾	kr/kWh	yfir árið	5,41	5,59
- þar af þéttbýli	kr/kWh	yfir árið	4,32	4,36
- forgangsorta eingöngu	kr/kWh	yfir árið	5,23	5,38
- þar af dreifbýli	kr/kWh	yfir árið	7,05	7,65
- forgangsorta eingöngu	kr/kWh	yfir árið	7,10	7,72
Rafmagn - veitur/mælar	fjöldi	í árslok	41.110	41.349
Heimtaugar, rafmagn (<i>tengdar</i>)	fjöldi	í árslok	26.682	27.660
Lágspenn dreifikerfi rafmagns ²⁾	km	í árslok	3.305	3.571
- þar af heimtaugar	km	í árslok	2.164	2.406
- þar af lágspennustrengir, aðrir en heimtaugar	km	í árslok	1.141	1.165
Aðveitustöðvar	fjöldi	í árslok	53	52
Aðveitustöðvar, uppsett spennaafi	MVA	í árslok	509	526
Dreifistöðvar	fjöldi	í árslok	5.350	5.428
Uppsett spennaafi í dreifistöðvum	MVA	í árslok	597	627
Háspenn dreifikerfi samtals ²⁾	km	í árslok	8.282	8.523
- þar af 66 kV jarðstrengir	km	í árslok	3	3
- þar af 33 kV jarðstrengir	km	í árslok	152	173
- þar af 6-22 kV jarðstrengir	km	í árslok	3.387	3.809
- þar af 33 kV loftlínur	km	í árslok	205	175
- þar af 6-22 kV loftlínur	km	í árslok	4.520	4.348
- þar af sæstrengir	km	í árslok	15	15
Fyrirvaralausar truflanir alls:	fjöldi	yfir árið	619	607
- þar af í háspennu dreifikerfi	fjöldi	yfir árið	388	423
- þar af í lágspennukerfi	fjöldi	yfir árið	222	183
- þar af í raforkuveri ³⁾	fjöldi	yfir árið	9	1
Götuskápar	fjöldi	í árslok	10.259	10.453
Orkunotkun í götulýsingu	MWh	í árslok	8.957	8.901
Íbúar á orkuveitusvæði hitaveitu ⁴⁾	fjöldi	í árslok	4.591	4.603
Framleiðsla á heitu vatni, hámarksafkastageta	MW	í árslok	31	32
Framleiðsla á heitu vatni, hámarksálag, án jaðarveitna	MW	yfir árið	23	23
Magnsala á heitu vatni samtals:	þús. m ³	yfir árið	2.330	2.396
- þar af í R/O veitum	þús. m ³	yfir árið	810	809
Meðalverð á heitu vatni ⁵⁾	kr/m ³	yfir árið	199	211
Heitt vatn - veitur/mælar	fjöldi	í árslok	1.946	1.965
Fastir starfsmenn hjá RARIK samstæðu í árslok	fjöldi	í árslok	201	198
- þar af Orkusalan ehf	fjöldi	í árslok	13	14
- þar af RARIK Orkuþróun ehf	fjöldi	í árslok	1	1

Skýringar:

1. Meðalverð rafmagns er einungis fyrir dreifingu og flutning rafmagns. Fastagjald er innifalið í meðalverði. Verðið er án vsk. Söluverð (t.d. Orkusalan) bætist við.
2. Strengir sem komnir eru í notkun.
3. Truflanir í virkjunum Orkusölnunnar ekki meðtaldar.
4. Íbúar á orkuveitusvæði hitaveitu er samtala mannfjölda í byggðakjörnum þar sem RARIK rekur hitaveitu.
5. Meðalverð á heitu vatni er að meðtöldu fastagjaldi en án vsk.

HÁSPENNT DREIFIKERFI RARIK 2012



Á Austurlandi voru miklar framkvæmdir vegna aukningar á notkun ótryggðrar raforku í fiskimjölsverksmiðjum á Vopnafirði, Neskaupstað og Eskifirði. Lagðar voru nýjar og öflugar háspennulagnir að þessum verksmiðjum og bætt var við 20 MVA 66/11 kV spennu í aðveitustöðina í Neskaupstað. Einnig var lögð

Verulegur olíusparnaður næst með rafvæðingu verksmiðja á Austurlandi. Talnafróðir telja að olíusparnaðurinn sé á við notkun 25 þúsund fólksbíla á ári.

háspennulögn að Loðnuvinnslunni á Fáskrúðsfirði þar sem einnig eru áform um að nota rafmagn í stað olíu.

Alls voru lagðir um 43 km af 500 mm² háspennustrengjum (*einleiðurum*) í þessum fjórum verkefnum. Á þessum stöðum þurfti einnig að gera ýmsar breytingar og í sumum tilfellum skipta út rofabúnaði í aðveitustöðvum.

Á Suðurlandi var unnið að styrkingu dreifikerfis á Hvolsvelli og í Laugarási. Í Vík í Mýrdal var unnið að styrkingu háspennukerfis og sett upp spennistöð við skóla. Lokið var við að hringtengja háspennukerfi í Reykholti.

Gerðar voru breytingar á háspennukerfi á Hellu og Gaddstaðaflatar tengdar þéttbýlinu í stað þess að vera frá Þykkvabæjarlínu. Lögð var háspennulögn að nýju tjaldsvæði á Selfossi í tengslum við landsmót UMFÍ.


TRUFLANIR Í DREIFIKERFUM

Á síðasta ári urðu 609 fyrirvaralausar rekstrartruflanir í dreifikerfi RARIK, þar af urðu 70% í háspennukerfinu en 30% í lágspennukerfinu. Fækkaði fyrirvaralausum truflunum um 21 á milli ára og voru um 11% færri en í meðalári. Sérstaklega fækkaði truflunum af tæknilegum ástæðum, og vegna fugla og vinnuvéla, eða um 44. Á móti kom að truflunum vegna óveðurs fjölgaði um 42.

Skerðing (*rafmagnsleysi*) vegna fyrirvaralausra truflana varð á hinn bóginn talsvert meiri á síðasta ári en undanfarin ár, alls 283 MWh, sem er 74% meira en í meðalári. Aukninguna, sem var 123 MWh meiri en í meðalári, má að öllu leyti rekja til skerðingar vegna náttúruafla.



TRUFLANAYFIRLIT 1992-2012



- Þann 25. janúar varð bilun í 66 kV flutningslínu Landsnets frá Laxá til Kópaskers. Truflunin stóð í 15 klst og skerðing til notenda var 56 MWh. Án varavéla RARIK hefði skerðing orðið 98 MWh.
- Þann 10. september urðu viðtækar bilanir vegna ísingar í dreifikerfi RARIK. Tjón á nær öllum dreifilínum í Mývatnssveit telst ein truflun, sem stóð í 105,5 klst og olli 12 MWh skerðingu til notenda.
- Tjón á dreifilínum frá Laxárvirkjun telst önnur truflun. Hún stóð í 108,4 klst og olli 11 MWh skerðingu til notenda.
- Þann 10. september varð einnig truflun í 66 kV flutningslínu Landsnets til Kópaskers. Hún stóð í 68,8 klst og skerðing til notenda 240 MWh. Án varavéla RARIK hefði skerðing orðið 479 MWh.
- Þann 29. desember urðu viðtækar bilanir í dreifikerfi RARIK á Snæfellsnesi og Dalasýslu vegna ísingar og hvassviðris. Truflun varð á sunnanverðu Snæfellsnesi vegna bilunar í Staðasveitalínu sem stóð í 33 klst og skerðing til notenda 20 MWh. Bilun í Saurbæjarlínu olli truflun sem stóð í 62 klst og orkuskerðing til notenda 24 MWh.
- Sama dag varð bilun í 66 kV flutningslínu Landsnets frá Vegamótum til Ólafsvíkur. Bilunin stóð til 5. janúar, en vegna vinnslu í varavélum RARIK varð straumleysi til notenda einungis í 21 klst með 17 MWh skerðingu. Orkuframleiðsla í varavélum var hins vegar 585 MWh.

Auk truflana í kerfi RARIK varð tímabundið rafmagnsleysi vegna truflana í flutningskerfi Landsnets. Orkuframleiðsla í varavélum RARIK dró þó verulega úr því. Alls nam skerðing á rafmagni vegna truflana hjá Landsneti, bæði í fyrirvaralausum og skipulögðum straumrofi, um 536 MWh en hefði annars orðið næstum þrefalt meiri,

ef framleiðsla varavéla RARIK hefði ekki komið til. Samkvæmt skilgreiningu Orkustofnunar teljast þær truflanir umfangsmiklar sem valda yfir 72 klukkustunda straumleysi. Á síðasta ári urðu 4 truflanir í dreifikerfi RARIK, sem teljast umfangsmiklar.

Náttúruöflin láta ekki að sér hæða. Ólafsvíkurlína eftir áhlaup um síðustu áramót.



NORÐURLAND Í SEPTEMBER

Mánudaginn 10. og þriðjudaginn 11. september, gekk yfir mikið óveður á Norðurlandi sem olli umtalsverðu tjóni á línukerfum RARIK og Landsnets.

Á Norðurlandi vestra fór rafmagn af víða í Skagafirði, m.a. á Skaga, á Reykjaströnd, í Deildardal og Unadal upp af Hofsósi, í Vatnsskarði og í Húnavatnssýslum í Miðfirði, við Svínavatn og á Vatnsnesi. Unnið var að viðgerðum á þessu svæði mánudag og þriðjudag og var rafmagn komið á alla bæi sem eru í ábúð á þriðjudagskvöldið.

Á Norðurlandi eystra fór rafmagn af hluta Reykjadal, í Bárðardal, í Laxárdal og af mestum hluta Mývatnssveitar utan Reykjahlíðar. Unnið var að viðgerðum á mánudegi og þriðjudegi og var rafmagn komið á flesta bæi á þriðjudagskvöld, að undanskildum hluta Bárðardals og bæjum í Mývatnssveit. Unnið var að viðgerðum í Bárðardal aðfaranótt miðvikudags og rafmagn komst á alla bæi þar á miðvikudegi. Í Mývatnssveit varð mesta samfellda tjónið og þar brotnuðu um 100 staurar. Rafmagn komst á frá Reykjahlíð að Skútustöðum á þriðjudagskvöld, en það var ekki fyrr en undir hádegi á föstudeginum 14. september sem allir voru komnir með rafmagn.

Vegna þess mikla tjóns sem varð á kerfinu í Mývatnssveit var gripið til þess ráðs að leggja jarðstreng ofanjarðar til bráðabirgða í stað þess að lagfæra línurnar sem skemmdust. Alls voru lagðir um 8 km af jarðstreng



Á skömmum tíma voru 35 km strengs plægðir og grafnir niður.

ofanjarðar frá Hellum að Geirastöðum og um 2 km frá Geiteyjarströnd í átt að Kálfaströnd.

Vegna bilunar á línu Landsnets milli Laxár og Kópaskers varð allt svæðið frá Kelduverfi og austur á Bakka-fjörð rafmagnslaust. RARIK keyrði dísilvélarnar á Þórshöfn og Raufarhöfn, en það dugði ekki til. Í ljósi umfangs

Þessi lína hékk uppi þreytuleg eftir óveðrið í Mývatnssveit. Hennar hlutverki er nú lokið.





Lína Landsnets til Ólafsvíkur fór illa í veðrinu.

bilunar á línunni voru fleiri dísilvélar fluttar á svæðið. Voru það þrjár færanlegar dísilvélar frá RARIK, auk þess sem ein vél var fengin að láni frá Norðurorku og önnur frá Hitaveitu Suðurnesja og ein frá verktaða á Akureyri.

Tjón RARIK vegna þessa hefur ekki verið metið endanlega, en ljóst er að það er á annað hundrað milljóna króna.

Í ljósi ástands kerfisins í Mývatnssveit eftir óveðrið ákvað RARIK að endurbyggja það með jarðstrengjum í stað þess að ráðast í kostnaðarsamar lagfæringar á loftlínukerfinu með þeim umhverfisröskunum sem því fylgja. Þegar hófust framkvæmdir við endurnýjunina og tókst að koma um 35 km í jörð á skömmum tíma. Á árinu 2013 verður verkinu síðan lokið með 15 km jarðstreng til viðbótar.

VESTURLAND UM ÁRAMÓT

Í lok desember gerði óveður á Vesturlandi með miklum vindstyrk, ísingu og seltu. Náði vindhraði allt að 50 m/s. Umtalsverðar rafmagnstruflanir urðu og stóðu fram yfir áramót.

Bilanir urðu í flutningslínu Landsnets til Ólafsvíkur og víða í dreifikerfi RARIK. Verulegt straumleysi hlaut af þessu en dísilvélar í Ólafsvík drógu mjög úr skerðingu til notenda í Ólafsvík, Hellissandi og Rífi.

Miklar truflanir urðu vegna bilana á Saurbæjarlínu frá Glerárskógum, og enn fremur á sunnanverðu Snæfellsnesi sem stafaði af bilun í Staðarsveitarlínu, en í kjölfarið varð kerfisbilun í aðveitustöð á Vegamótum vegna yfirálags.

Lengst varð straumleysi til einstakra notenda á Snæfellsnesi sunnanverðu í tæpar 29 klukkustundir á Arnarstapa og Hellnum. Notendur í Ólafsvík fengu rafmagn frá Rjúkandavirkjun, um varalínu frá Grundarfirði og með orkuvinnslu í dísilvélum. Þannig var öllu straumleysi lokið í Ólafsvík frá upphafi truflunar eftir 21 klukkustund, þrátt fyrir 182 klukkustunda skerðingu frá flutningskerfi Landsnets.



BLÖNDUÓS - SKAGASTRÖND

Hitaveita Blönduóss var tekin í notkun árið 1977. Í upphafi var lögð 14 km löng óeinangruð stofnlögn úr asbesti fyrir hitaveituna frá Reykjum í Húnavatnshreppi til Blönduóss.

Stofnlögnin var endurnýjuð á árinu með lagningu samtals 13 km af einangraðri stálpípu sem tekin var í notkun þann 30. október 2012. Áður hafði um 1 km af neðsta hluta lagnarinnar verið skipt út með stálpípu. Pípunni er ætlað að sjá Blönduósi, Skagaströnd og dreifbýlinu í Húnavatns- og Skagahreppi meðfram henni fyrir heitu vatni.

Fyrsta áfanga að nýrri hitaveitu til Skagastrandar lauk með borun 1400 m vinnsluholu nr. 21 að Reykjum í Húnavatnshreppi sem gaf 43 sekúndulítra af 73 gráðu heitu vatni árið 2006. Holan er fódruð niður í 168 m.

Í ársbyrjun 2012 kom í ljós bilun í varaholu nr. 5 á virkjunarsvæðinu. Líklegt er að holan hafi bilað á árinu 2011. Við prófun holunnar í ársbyrjun kom í ljós að innstreymi vatns var ekki nóg og eftir mælingar ÍSOR kom í ljós að hún var fallin saman á kafla.

Í öðrum áfanga að nýrri hitaveitu til Skagastrandar var stofnlögnin frá Reykjum til Blönduóss endurnýjuð og lauk þeim áfanga með byggingu nýrrar dælustöðvar á stofnlögn til Skagastrandar við Blöndubru á Blönduósi.

Vatni var hleypt á dælustöðina um leið og nýja stofnlögnin frá Reykjum til Blönduóss var tekin í notkun þann 30. október 2012. Í dælustöðinni er einnig lækkaður

þrýstingur fyrir dreifikerfið um Blönduós. Á næsta ári er gert ráð fyrir að ljúka stofnlögn til Skagastrandar og innanbæjarkerfinu þar. Veitan verður tekin í notkun haustið 2013 og sameinuð veitunni á Blönduósi.

HORNAFJÖRÐUR - HÖFN


Skipulegar jarðhitarannsóknir í Austur-Skaftafellssýslu hófust sumarið 1992. Þá voru boraðar leitarholur til að kanna hitastigul undir leiðsögn Jarðfræðistofunnar Stapa. Strax þá kom í ljós hitastigulsfrávik við Hoffell/Miðfell og það svæði þótti lang efnilegast af þeim svæðum sem könnuð voru þetta sumar. Holan gaf þá hitastigulinn 186°C/km. Efnagreiningar á vatninu bentu til 70–80°C hita djúpt í vatnskerfinu.

Árin 1993–1994 var haldið áfram rannsóknarborunum við Hoffell í Nesjum og aftur 1996 og á ný 2002, 2003 og 2004. Enn og aftur var borað 2005–2006 en þá var um dýpkun á eldri holum að ræða. Holurnar við Hoffell - Miðfell eru 33 talsins. Flestar þeirra eru grynri en 60 m, en fjórar þeirra eru þó yfir 300 m djúpar.

Í nóvember 2012 samdi RARIK við Ræktunarsamband Flóa og Skeiða um borun tilraunavinnsluholu í landi Hoffells fyrir Höfn og dreifbýli með ráðgjöf ÍSOR. Áætlað var að bora holuna allt að 1400 m djúpa en borun lauk ekki á árinu.

Hitaveita hefur nú verið forhönnuð fyrir Höfn þar sem gert er ráð fyrir 75 sekúndulítra vatnspörf af 70 gráðu heitu vatni fyrir rúmlega 600 heimæðar, þar af 87 í dreifbýli.

Frá nýju dælustöðinni á Blönduósi



ÖRYGGISMÁL OG GÆÐAMÁL

Skoðanir nýrra- og breyttra verka og virkja í rekstri voru með hefðbundnum hætti á árinu. Samið var við Frumherja og Rafskoðun um skoðanir ársins. Engin þriðja flokks athugasemd kom fram við skoðanirnar 26 nýrra og breyttra verka, en alls 42 athugasemdir í fyrsta og öðrum flokki. Rétt rúmur helmingur athugasemda voru vegna töflutauga og vegna þess að upplýsingar vantaði um skref- og snertispennu.

Unnið var áfram að því að bæta DMM kerfið er varðar utanumhald um skoðanir rekstrareininga og ítarlega skýrslugerð fyrir málaflokkinn og fyrir upplýsingagjöf um framvindu skoðana dreifikerfisins.

Unnið var að áhættumati fyrir skrifstofu í Reykjavík og verður því starfi haldið áfram fyrir skrifstofur á svæðunum, fyrir birgðastöðvar og fyrir rekstur dísilvéla.

Hafin er viðhaldsúttekt á Öryggisstjórnunarkerfi RARIK og var fyrsti áfangi af þremur unninn í desember sl en úttekt kerfisins er unnin yfir þrjú ár í senn.


RARIK tekur þátt í starfi nefndar á vegum Samorku um öryggismál og hefur sú nefnd skilað niðurstöðum í nokkrum málum á undanförunum árum.

STARFSMENN

Á árinu heiðraði fyrirtækið einn starfsmann, Ómar Ólafsson, fyrir 50 ára samfellt starf og er hann annar í röðinni að ná þessum merka áfanga.

Af núverandi starfsmönnum RARIK er ljóst að yfir tíu þeirra geta náð þessu marki á komandi árum.

Meðalstarfsaldur starfsmanna er nokkuð hár eða yfir 25 ár sem kemur til af því að fækkun mannafla fyrirtækisins á liðnum áratugum skýrist að stórum hluta á því að ekki hefur verið ráðið í störf sem hafa losnað. Auk þess hlýtur



STARFSMENN

Ársverk	2011	2012
RARIK	193	189
Orkusalan	12,7	13,7
RED (Orkuþróun)	1,3	1,3
Samtals	207	204,0

Fjöldi í árslok	2011	2012
RARIK	187	183
Orkusalan	13	14
RED (Orkuþróun)	1	1
Samtals	201	198

að mega túlka þennan langa starfsaldur á þann hátt að gott hafi verið að vinna hjá RARIK. Á næstu árum og áratug er ljóst að stór hópur starfsmanna mun hætta störfum sökum aldurs og er þá ljóst að mikil þekking mun fara með þeim frá fyrirtækinu og brýnt að standa vörð um að flytja þá þekkingu til nýrra starfsmanna.

FÉLAGSSTARF

Félagsstarf var með hefðbundnum hætti hjá starfsfólki RARIK á árinu 2012. Golfmót voru haldin, glæsileg sameiginleg árshátíð allra starfsmanna var haldin á Akureyri og önnur mannamót, eins og Hangikjötið sem var haldið í húsnæði RARIK að Bíldshöfða og önnur þorablót víða um land.

Golfmótið RARIK Open var haldið á Víkurvelli í Stykkishólmi laugardaginn 11. ágúst. Mótið tókst í alla staði mjög vel.

Ómar Ólafsson, starfsmaður RARIK í 50 ár, tekur við viðurkenningu úr hendi Tryggva Þ. Haraldssonar forstjóra.



STARFSSEMI RARIK ORKUÞRÓUNAR EHF. 2012

Árið 2012 var fimmta rekstrarár RARIK Orkuþróunar ehf., sem er dótturfélag RARIK ohf. og heldur utan um ráðgjafa- og þróunarverkefni RARIK hér heima og erlendis á samkeppnismarkaði. Erlent heiti félagsins er RARIK Energy Development Ltd. og gengur það undir nafninu RED í daglegri umfjöllun.

HÓLMSÁRVIRKJUN

Í ágúst árið 2009 veitti Orkustofnun Landsvirkjun og RARIK ohf. sameiginlega rannsóknarleyfi á vatnasviði Hólmsár í Skaftártungu. Á vegum RED ehf. var gefin út skýrsla um frumhönnun Hólmsárvirkjunar með miðlun við Atley í desember 2010.

Orkugeta virkjunarinnar var þá áætluð verða 480 GWh/ári við 65 MW aflsetningu. Orkusalan ehf. leysti verkefni við undirbúning Hólmsárvirkjunar til sín í árs-



byrjun 2011 en eigi að síður annast RED ennþá verkefnastjórn á mörgum þáttum undirbúningsins. Verkið er unnið í samvinnu við Landsvirkjun sem er 50% eigandi á móti Orkusölu.

Sumarið 2011 hófust kjarnaboranir á svæðinu til að kanna jarðlögin fyrir stöðvarhús og frárennslisgöng. Kom í ljós að bergið í Hrífunesheiðinni virðist ekki nægilega gott en bergið í Atleyjarfellinu er hins vegar ágætt. Unnið var við frekari kjarnaboranir síðla sumars 2012 til að freista þess að finna etv. aðra staðsetningu fyrir stöðvarhús og finna leið fyrir frárennslisgöng. Ræktunarsamband Flóa og Skeiða hf. annaðist boranir og Almenna Verkfræðistofan hf. jarðfræðirannsóknir tengdar borunum.

Kjarnaboranir og sýnatökur hófust um miðjan ágúst með dýpkun á holu 17 sem gaf góðan árangur þar eð „neðar fannst lag af stuðlabergi og kubbabergi sem nokkur leit hefur verið gerð að og fannst nú fyrst í því formi sem vonast var eftir“ eins og eftirlitsaðilinn skýrir frá í skýrslu sinni. Ekki tókst að dýpka holu 16 með kjarnaborun og sýnatöku eins og að var stefnt vegna erfiðleika sem upp komu við borunina.

Ákveðið var að fresta frekari borunum fram á sumarið 2013. Auk dýpkunar á holu 16 var á döfinni að bora nýja 200 m djúpa holu sem verður þá á dagskrá næsta sumar einnig.

SJÁVARORKA EHF.

Sjávarorka ehf. fékk rannsóknarleyfi í Hvammsfirði á Breiðafirði vegna sjávarfallavirkjunar í janúar 2010. Stjórn Landsvirkjunar tók ákvörðun á miðju árinu 2011 um að koma að Sjávarorku ehf. með því að leggja félaginu til 20 milljónir króna og gerast um þriðjungs eignaraðili.

Um miðjan marsmánuð 2012 var haldinn hluthafafundur þar sem gengið var frá aðkomu Landsvirkjunar að félaginu. Aðalfundur Sjávarorku ehf. fyrir árið 2011 var haldinn í maí 2012 þar sem kosin var ný stjórn nú með aðild Landsvirkjunar.

Sjávarorka ehf. hefur verið starfrækt í Stykkishólmi frá árinu 2001 m.a. með þátttöku RARIK. Aðaleigendur þess í dag eru tvö af stærstu orkufyrirtækjum landsins eða Landsvirkjun (LV) og RARIK sem eiga um 2/3 hluta samtals. Að auki á Skipavík ehf. stóran hlut auk Stykkishólmsbæjar og nokkurra einstaklinga í Stykkishólmi.

Aðkoma LV á árinu 2012 styrkir fyrirtækið verulega bæði við grunnrannsóknir en ekki síður þegar kemur að virkjun sjávarorkunnar þar eð LV er eina fyrirtækið á landinu sem hefur möguleika á að keyra miðlaðar vatnsaflsvirkjanir á móti sjávarfallavirkjunum ef og þegar raforkuframlæiðsla hefst frá þeim í einhverju mæli.

Hafinn er undirbúningur við næstu skref í rannsóknum á svæðinu sem felast m.a. í gerð ítarlegri straummælinga.

Á myndinni má líta árangur af 180 m djúpri borholu um 3 km austan við svæði RARIK Turkison í Tyrklandi. Vatnið er liðlega 40°C heitt.

BLÁFALL ENERGI AS

Í maí 2012 seldi RARIK Orkuþróun ehf. (RED) 10% eignarhlut sinn í Bláfall Energi AS í Noregi. Bláfall Energi AS var stofnað í lok árs 2006 í þeim tilgangi að undirbúa og byggja 40-50 smærri virkjanir 1-8 MW að stærð á næstu árum eða samtals að minnsta kosti 150 MW og 450 GWh/ári orkuframleiðslu.

RARIK keypti hlut í Bláfall Energi AS af Landsbankanum í júní 2007 og varð þannig 10% hluthafi, með fulltrúa í fjárfestingarráði og stjórn fyrirtækisins. Á árinu 2008 var eignarhlutinn síðan færður frá RARIK ohf. yfir til RED sem var stofnað það ár. Þrjár virkjanir í eigu Bláfall Energi eru komnar í rekstur með samanlagða orkuframleiðslu upp á um 30 GWh/ári. Einnig verða 4-5 nýjar virkjanir í hönnun og byggingu á ári á næstu árum.

Snemma á árinu tilkynnti Landsbankinn að hann hygðist selja sinn hlut í Bláfall Energi. RED kaus því að selja sinn hlut einnig. Í maí var gengið frá samningi um söluna á eignarhlutnum við finnska fyrirtækið Kymppivoima Hydro Oy sem er meirihlutaeigandi í Bláfall Energi AS. Salan skilaði RED ágætis hagnaði hvort sem gert er upp í erlendum gjaldmiðli eða íslensku krónunni.

RARIK TURKISON ENERJI LTD. - RTE

Í Tyrklandi er RED liðlega 60% eignaraðili að fyrirtæki sem stofnað var þar vorið 2008 og nefnist RARIK Turkison Enerji Ltd. eða RTE. Fyrirtækið var stofnað um verkefni aðallega á sviði jarðvarma og fékk það úthlutað 5 rannsóknarleyfum í A- og V-Tyrklandi. Rannsóknir hófust vorið 2009 í Salihli í V-Tyrklandi og var fram haldið á árinu 2011.

Rannsóknarleyfin þrjú í vestari hlutanum runnu út í árslok 2012, en besta svæðið við Salihli var selt á síðustu stundu fyrir ágætt verð. RTE vinnur að rannsóknnum á tveimur svæðum kringum Nemrut eldfjallið í Austur-Tyrklandi í grennd við landamærin að Sírylandi og Írak.

ÍSOR var við rannsóknir við og kringum Nemrut fjallið sumarið 2012 og það lítur vel út með orkuvinnslu á svæðinu, bæði til hitaveitu fyrir nærliggjandi byggðarlög og raforkuframleiðslu. Rannsóknir hafa tafist meðal annars vegna ótryggs ástands og hættu á svæðinu.

Myndin er tekin á Nemrut eldfjallinu og sýnir vatn sem er inni í gígnum.



Árið 2012 var sjötta starfsár Orkusölnunnar ehf., sem er dótturfyrirtæki RARIK ohf. Með breytingum á raforkulögum í janúar 2005 var sala á raforku gefin frjáls, gagngert í þeim tilgangi að innleiða samkeppni í raforkusölu. Orkusalan ehf. starfar einungis á samkeppnismarkaði og er með næstmestu markaðshlutdeild í raforkusölu á almennum markaði auk þess að eiga og reka fimm virkjanir víða um land. Starfsmenn Orkusölnunnar voru 14 í árslok 2012.

Á árinu 2008 voru gerðar breytingar á raforkulögum er varða fyrirtækjaaðskilnað milli einkaleyfis- og samkeppnisstarfsemi í þeim tilgangi að tryggja virkari samkeppni á raforkumarkaði. Sú breyting var mikið fagnaðarefni fyrir Orkusöluna. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu og þá sérstaklega hjá stærsta samkeppnisaðila Orkusölnunnar á sviði raforkumásölu hefur gildistöku breytingarinnar ítrekað verið frestað, nú síðast til 1. janúar 2014.

AFKOMA ÁRSINS

Rekstrartekjur ársins voru 4.195 milljónir króna og rekstrargjöld 3.268 milljónir. Rekstrarhagnaður (EBIT) nam því 927 milljónum króna. EBITDA hlutfall ársins 2012 er 25,5%. Hrein fjármagnsgjöld námu 307 milljónum króna og að teknu tilliti til fjármagnskostnaðar og skatta er hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi 496 milljónir króna samanborið við 123 milljónir á árinu 2011.

Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2012 voru heildareignir 10.789 milljónir króna. Heildarskuldir voru 4.590 milljónir og eigið fé 6.199 milljónir króna. Eiginfjárhlutfall Orkusölnunnar er 57,5%.

Hagnaður ársins var um 12 milljónir króna umfram áætlun þrátt fyrir að rannsóknar- og þróunarkostnaður sem féll til innan ársins vegna Hólmsárvirkjunar hafi verið færður á rekstur.

Á árinu var áfram unnið að framkvæmdum við Rjúkandavirkjun á Snæfellsnesi. Stefnt er að gangsetningu á endurnýjaðri virkjun í október 2013.

orkusalan 

Hlutverk Orkusölnunnar er að framleiða, kaupa og selja rafmagn til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana um land allt. Orkusalan leggur áherslu á samkeppnishæft verð, einfalda þjónustu og jákvæða þjónustuupplifun.

Stefna Orkusölnunnar til framtíðar er að bæta lífskjör almennings með því að skapa nýja möguleika í framleiðslu og sölu á endurnýjanlegri orku. Orkusalan byggir á einfaldri þjónustu á hagstæðu verði.

Gildi Orkusölnunnar eru fagmennska, liðsandi, hugrekki og gleði.

Á árinu voru 13,7 ársverk hjá Orkusölnunni samanborið við 12,7 á árinu 2011. Á milli ára fjölgaði ársverkum um 1,0 eða um 7,9%. Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 8,9% á milli ára.

Orkusalan er í 100% eigu RARIK ohf.

Stjórn Orkusölnunnar ehf. og framkvæmdastjóri staðfestu á stjórnarfundum 5. mars 2013 ársreikning félagsins fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Horfur í rekstri Orkusölnunnar eru áfram góðar og er reksturinn traustur. Gert er ráð fyrir að rekstrarhagnaður (EBITDA) ársins 2012 verði 1.041 milljónir króna eða um 24% EBITDA hlutfall. Er það í samræmi við markmið stjórnar Orkusölnunnar. Áætluð afkoma Orkusölnunnar fyrir rekstrarárið 2013 er um 496 milljónir króna sem er í samræmi við afkomu ársins 2012.





Á árinu hlaut þetta skýli við Hringbraut Lúðurinn - Íslensku auglýsingaverðlaunin fyrir bestu umhverfisauglýsingu ársins.

FRAMLEIÐSLA OG INNKAUP

Heildarmarkaður Orkusölunnar á árinu 2012 var 977 GWh. Hefðbundin skipting milli forgangsorku og ótryggðrar orku leið undir lok þegar Landsvirkjun hætti að selja ótrygga orku í upphafi árs 2012.

Landsvirkjun bauð í staðinn svokallaða jafnorku á hagstæðara verði en áður hafði sést á forgangsumarkaði. Jafnorka til húshitunar bauðst til skilgreindra aðila með rafhitun og var hún 63 GWh af markaði Orkusölunnar.

Einnig bauð Landsvirkjun almenna jafnorku sem var um 175 GWh af markaði Orkusölunnar en auk ótryggðrar orku kom almenn jafnorka í stað 7 ára samnings Orkusölunnar við Landsvirkjun sem rann út í lok árs 2011 og annarra skammtímasamninga sem Orkusalan var með.

Vegna þessa voru orkukaup Orkusölunnar óvenju hagstæð á árinu 2012. Þá hækkaði Orkusalan verðskrá sína um 6,4% þann 1. júlí til samræmis við hækkun Landsvirkjunar á heildsöluverði til Orkusölunnar.

Framleiðsla virkjana Orkusölunnar var 258 GWh sem er örlítið minna en árið 2011. Mjög vel tókst til að spá fyrir um forgangsumarkaðinn 2012 og var fráviknið aðeins um 0,3%. Engar stórvægilegar bilanir urðu á árinu í virkjunum Orkusölunnar og litlar truflanir á rekstri.

Boðin var út ný vatnsvél fyrir Rjúkandavirkjun og samið við Gugler í Austurríki um smíði vélarinnar. Þá var framhaldið undirbúningi og hönnun framkvæmda við Rjúkandavirkjun og efni í nýja þrýstipípu boðið út. Stefnt er að gangsetningu á endurnýjaðri Rjúkandavirkjun í október 2013.

Áfram var unnið að hönnun og mati á endurnýjun Grímsárvirkjunar með það í huga að endurnýja aðeins það sem nauðsynlegt er að lagfæra. Gert er ráð fyrir framkvæmdum vegna endurnýjunar Grímsárvirkjunar

á árinu 2014. Þá var ráðist í þéttingu á botnrás í stíflu Smyrlabjargaárvirkjunar en leki úr stíflunni hafði aukist á undanförunum árum. Verkið tókst nokkuð vel og hefur leki úr stíflunni nánast hætt. Einnig var unnið að verk- og útboðslýsingu vegna endurnýjunar á klæðningu á þrýstipípu virkjunarinnar.

Lokið var við að setja upp myndavélakerfi í Lagarfossvirkjun og uppsetning myndavélakerfis hafin í Skeiðsfossvirkjun og eru nú þrjár virkjanir Orkusölunnar með slíka vöktun.

SALA OG MARKAÐSMÁL

Undanfarin ár hefur verið unnið markvisst að því að byggja upp ímynd Orkusölunnar sem nýtt, ferskt og leiðandi fyrirtæki á raforkumarkaði. Fyrirtækið hefur á þessum tíma farið fram með nýstárlegar auglýsingar sem bæði hafa vakið eftirtekt og aukið vitund viðskiptavina á fyrirtækinu.

Á árinu var vefur Orkusölunnar valinn besti íslenski vefurinn 2011 á Íslensku vefverðlauninum. Þá var þjónustuvefur Orkusölunnar uppfærður og settur í sama búning og verðlaunavefur Orkusölunnar. Stöðugt er unnið að þróun á nýrri þjónustu á þjónustuvef Orkusölunnar með þarfir viðskiptavina að leiðarljósi. Þá var áfram unnið að því að koma Orkusölnni fyrir á helstu samfélagsmiðlum og þá sérstaklega horft til Facebook.

Orkusalan hóf á árinu samstarf við Höfuðborgarstofu vegna Vetrarhátíðar í Reykjavík þar sem meðal annars var staðið fyrir hönnunarsamkeppni á raflistaverki sem afhjúpað var á Hallgrímskirkju við opnun Vetrarhátíðar 2012.

Á árinu 2012 var lokið við þróun á nýjum hugbúnaði sem ætlað er að flýta fyrir og einfalda ráðgjöf til viðskiptavina þegar kemur að lækkun kostnaðar við raforkukaup.

Orkusalan hefur verið í farsælu samstarfi við Stúdentaráð Háskóla Íslands undanfarin ár og hélt það samstarf áfram á árinu 2012 en Orkusalan tryggir stúdentum meðal annars ódýrara rafmagn og upphitað strætóskýli við Hringbraut. Á árinu hlaut skýlið *Lúðurinn* - Íslensku auglýsingaverðlaunin fyrir bestu umhverfisauglýsingu ársins.

HÓLMSÁRVIRKJUN

Á árinu hélt Orkusalan áfram undirbúningi vegna virkjunar Hólmsár, í Vestur – Skaftafellssýslu, í samstarfi við Landsvirkjun. Orkusalan er með helmings hlutdeild í virkjun Hólmsár á mótí Landsvirkjun. Reiknað er með að uppsett afl virkjunarinnar verði um 65 MW. Þá er gert ráð fyrir því að stærstur hluti þeirrar orku sem Orkusalan aflar frá virkjuninni fari á almennan markað.

Í þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, sem samþykkt hefur verið á Alþingi, kemur fram að Hólmsárvirkjun með miðlun við Atley skuli raða í biðflokk.

Ástæður þess að Hólmsárvirkjun er sett í biðflokk samkvæmt þeim rökstuðningi sem fram kemur í þingsályktunartillögunni eru þær að óvissa sé um áhrif virkjunar á skóglendi og hvar lína frá virkjuninni muni


liggja. Það vanti nýjustu gögn og frekari upplýsingar. Er virkjuninni raðað í biðflokk þrátt fyrir vitneskju Alþingis um að framangreindar ástæður eigi ekki við rök að styðjast.

Frumhönnun Hólmsárvirkjunar með miðlunarlón við Atley lauk í desember 2010. Mat á umhverfisáhrifum er hafið og liggur matsáætlun fyrir, auk þess sem heimild frá öllum landeigendum (Íslenska ríkinu þar með talið) liggur fyrir um nýtingu á vatns- og landréttindum í og við Hólmsá til raforkuframleiðslu. Þá liggur fyrir rannsóknarleyfi á vatnasviði Hólmsár frá Orkustofnun, dagsett 21. ágúst 2009. Á árinu var áfram unnið að jarðfræði- og vatnafarsrannsóknum.

Í þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða er tekið fram að verkefnastjórn skuli skila áfangaskýrslu á árinu 2014 þar sem heimilt er að leggja fram nýja tillögu að röðun virkjanakosta. Öllum sérfræðiskýrslum vegna mats á umhverfisáhrifum Hólmsárvirkjunar var lokið á árinu og verður áfram unnið að því að koma Hólmsárvirkjun til umfjöllunar í næstu áfangaskýrslu verkefnisstjórnar rammaáætlunar og tryggja þannig að Hólmsárvirkjun, sem hentar sérstaklega vel til að virkja fyrir almennan markað með mjög takmörkuðum umhverfisáhrifum, verði sett í nýtingarflokk.



EFNISYFIRLIT ÁRSREIKNINGS 2012



EFNISYFIRLIT	BLS
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	28
Áritun endurskoðanda	29
Rekstrarreikningur	30
Yfirlit um heildarafkomu	31
Efnahagsreikningur	32
Eiginfjáryfirlit	33
Sjóðstreymisyfirlit	34
Skýringar	35 - 59
Yfirlýsing um stjórnarhætti	58
Summary (English)	60

Athugið! Þessi reikningur sem hér er birtur er eftirprentun og því er ekki hægt að útiloka hugsanlegar ritvillur.



RARIK ohf. var stofnað 1. ágúst 2006 og tók yfir rekstur og eignir Rafmagnsveitna ríkisins. Fyrirtækið annast dreifingu á rafmagni í samræmi við ákvæði raforkulaga nr. 65/2003. Orkusalan ehf., RARIK orkuþróun ehf. og Ljós og gagnaleiðari ehf. eru dótturfélög RARIK og alfarið í eigu þess. Orkusalan sér um framleiðslu og sölu rafmagns, RARIK Orkuþróun vinnur að uppbyggingu og þróun hvers konar orkukerfa og Ljós og gagnaleiðari annast rekstur ljósleiðara.

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning RARIK ohf. og dótturfyrirtækja. Samkvæmt rekstrarreikningi eru tekjur samstæðunnar 11.412 milljónir króna, rekstrargjöld 8.428 milljónir króna og rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði 2.984 milljónir króna. Fjármagnsgjöld nettó eru 1.282 milljónir króna. Áhrif hlutdeildarfélagss Landsnets hf. eru jákvæð um 180 milljónir króna. Hagnaður ársins 2012 að teknu tilliti til tekjuskatts er 1.541 milljón króna. Að teknu tilliti til endurmatss rekstrarfjármuna nam heildarhagnaður ársins 6.180 milljónum króna.

Á árinu 2012 voru virkjanir og eignir dreifiveitunnar endurmetnar til gangvirðis í samræmi við reikningssskilaaðferðir samstæðunnar. Endurmat ársins nam 5.798 milljónum króna. Að frádregnum tekjuskattsáhrifum nemur endurmatið 4.639 milljónum króna sem færast á eigið fé í árslok í yfirliti um heildarafkomu.

Eignir samkvæmt efnahagsreikningi eru 44.569 milljónir króna í árslok. Eigið fé félagsins er 25.507 milljónir króna eða 57,2% af heildarfjármagni. Stjórn félagsins samþykkir að greiddur verði arður á árinu 2013 að fjárhæð allt að 310 milljónum króna. Að öðru leyti er vísað til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og breytingar á eigin fé. Hlutfé félagsins er 5.000 milljónir króna og er það allt í eigu ríkissjóðs og breyttist fjöldi hluthafa ekki á árinu.

STJÓRNARHÆTTIR

Stjórn RARIK ohf. leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið stjórnar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Starfsreglur stjórnar voru síðast endurskoðaðar í júní 2011. Nánari grein er gerð fyrir stjórnarháttum í sérstökum kafla, sem er hluti af ársreikningnum.

YFIRLÝSING STJÓRNAR OG FORSTJÓRA

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningssskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2012 og rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2012. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum sem fyrirtækið býr við. Stjórn og forstjóri RARIK ohf. hafa í dag yfirfarið samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2012 og staðfesta hann með undirritun sinni og leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 26. febrúar 2013

Í stjórn RARIK ohf




Árni Steinar Jóhannsson
formaður



Ingibjörg Sigmundsdóttir




Valdimar Guðmannsson



Hilmar Gunnlaugsson



Huld Aðalbjarnardóttir



Tryggvi Þór Haraldsson
forstjóri



TIL STJÓRNAR RARIK OHF.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning RARIK ohf. fyrir árið 2012. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

ÁBYRGÐ STJÓRNENDA Á ÁRSREIKNINGNUM

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

ÁBYRGÐ ENDURSKOÐENDA

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

ÁLIT

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu fyrirtækisins á árinu 2012, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Ríkisendurskoðun, 26. febrúar 2013

Sveinn Arason
ríkisendurskoðandi

Sigurgeir Bóasson
endurskoðandi



	Skýr.	2012	2011
Rekstrartekjur			
Raforkusala		3.768.733	3.770.292
Dreifing raforku		6.248.542	5.718.393
Sala á heitu vatni		502.473	461.473
Aðrar tekjur	6	891.955	818.408
		<u>11.411.703</u>	<u>10.768.566</u>
Rekstrargjöld			
Orkukaup		2.629.004	2.668.678
Rekstur veitukerfa		4.275.268	4.218.230
Annar rekstrarkostnaður	7	1.523.582	1.660.525
		<u>8.427.854</u>	<u>8.547.433</u>
		Rekstrarhagnaður	2.221.133
		<u>2.983.849</u>	<u>2.221.133</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur		156.260	246.547
Fjármagnsgjöld		(1.438.271)	(1.479.408)
	10	<u>(1.282.011)</u>	<u>(1.232.861)</u>
		Hagnaður fyrir áhrif hlutdeildarfélag og skatta	988.272
		1.701.838	988.272
Áhrif hlutdeildarfélag	13	180.295	189.046
		Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.177.318
		1.882.133	1.177.318
Tekjuskattur	11	(340.967)	(163.542)
		<u>1.541.166</u>	<u>1.013.776</u>
Hagnaður ársins			
Skipting hagnaðar (taps)			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	20	0,31	0,20
EBITDA og Afskriftir			
EBITDA		4.350.919	3.519.629
Afskriftir		1.367.070	1.298.496

Skýringar á bls. 35 til 59 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



	Skýr.	2012	2011
Yfirlit um heildarafkomu			
Hagnaður ársins		1.541.166	1.013.776
Aðrar tekjur og gjöld færð á eigið fé			
Endurmat fastafjármuna		5.798.259	0
Tekjuskattur af endurmati	11	(1.159.651)	0
		4.638.608	0
Heildarhagnaður ársins		6.179.774	1.013.776

Skýringar á bls. 35 til 59 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



	Skýr.	2012	2011
Eignir			
Rekstrarfjármunir	12	38.258.826	30.595.124
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagi	13	2.985.465	2.805.169
Eignarhlutir í öðrum félögum	14	23.156	290.536
Skatteign	15	0	858.466
Fastafjármunir samtals		<u>41.267.447</u>	<u>34.549.295</u>
Birgðir	16	712.607	622.646
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	17	1.800.193	1.663.888
Handbært fé	18	788.457	426.249
Veltufjármunir samtals		<u>3.301.257</u>	<u>2.712.783</u>
Eignir samtals		<u><u>44.568.704</u></u>	<u><u>37.262.078</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		5.000.000	5.000.000
Yfirverðsreikningur		6.756.019	9.565.330
Endurmatsreikningur		11.790.162	8.293.587
Óráðstafað (ójafnað eigið fé)		1.961.026	(3.531.483)
Eigið fé samtals	19	<u>25.507.207</u>	<u>19.327.434</u>
Langtímaskuldir			
Skuldir til langs tíma	21	14.890.919	14.296.481
Skuldbinding vegna niðurrífs	22	625.977	583.994
Tekjuskattskuldbinding	15	526.890	0
Langtímaskuldir samtals		<u>16.043.786</u>	<u>14.880.475</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	23	1.760.518	2.031.249
Tekjuskattur til greiðslu	11	115.358	
Afborganir langtímaskulda á næsta ári	21	1.141.835	1.022.920
Skammtímaskuldir samtals		<u>3.017.711</u>	<u>3.054.169</u>
Skuldir samtals		<u>19.061.497</u>	<u>17.934.644</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>44.568.704</u></u>	<u><u>37.262.078</u></u>

Skýringar á bls. 35 til 59 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Endurmats- reikningur	Ójafnað eigið fé	Samtals eigið fé
1. janúar til 31. desember 2011					
Eigið fé 1. janúar 2011	5.000.000	9.565.330	8.307.354	(4.559.027)	18.313.657
Hagnaður ársins				1.013.776	1.013.776
Endurmat leyst upp			(13.767)	13.767	
Eigið fé 31. desember 2011	<u>5.000.000</u>	<u>9.565.330</u>	<u>8.293.587</u>	<u>(3.531.484)</u>	<u>19.327.433</u>

1. janúar til 31. desember 2012

Eigið fé 1. janúar 2012	5.000.000	9.565.330	8.293.587	(3.531.484)	19.327.433
Heildarhagnaður ársins			4.638.608	1.541.166	6.179.774
Endurmat leyst upp á móti afskriftum og tekjuskatti			(1.142.033)	1.142.033	0
Hækkun hlutfjár ~ lækkun yfir- verðsreiknings	2.809.311	(2.809.311)			0
Lækkun hlutfjár ~ jöfnun taps	(2.809.311)			2.809.311	0
Eigið fé 31. desember 2012	<u>5.000.000</u>	<u>6.756.019</u>	<u>11.790.162</u>	<u>1.961.026</u>	<u>25.507.207</u>

Skýringar á bls. 35 til 59 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



	Skýr.	2012	2011
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		1.541.166	1.013.776
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður eigna		(132)	(1.314)
Breyting niðurrifsskuldbindingar	22	(22.321)	(10.810)
Afskriftir	9	1.367.070	1.298.496
Áhrif hlutdeildarfélaganna	13	(180.295)	(189.046)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	10	1.282.011	1.232.861
Frestaður tekjuskattur	15	225.196	141.900
Hreint veltufé frá rekstri fyrir vexti og skatta		4.212.695	3.485.863
Birgðir, hækkun		(89.962)	(157.416)
Skammtímakröfur, (hækkun), lækkun		(130.515)	35.313
Skammtímaskuldir, lækkun		(145.174)	(18.247)
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og skatta		3.847.044	3.345.513
Innheimtar vaxtatekjur		60.749	67.953
Greidd vaxtagjöld		(629.537)	(622.806)
Greiddur tekjuskattur		(21.586)	(11.523)
Handbært fé frá rekstri		3.256.670	2.779.137
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum		(3.235.478)	(1.946.109)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		3.099	22.254
Sala (fjárfesting) eignarhluta í öðrum félögum		362.819	(86.321)
Fjárfestingarhreyfingar		(2.869.560)	(2.010.176)
Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin ný langtímalán		1.000.000	0
Afborganir langtímalána		(1.030.946)	(1.167.142)
Endugreiðsla afleiðusamnings		0	(280.000)
Fjármögnunarhreyfingar		(30.946)	(1.447.142)
(Hækkun) lækkun á handbæru fé		356.164	(678.181)
Gengismunur af handbæru fé		6.044	
Handbært fé í ársbyrjun		426.249	1.104.430
Handbært fé í lok ársins		788.457	426.249

Skýringar á bls. 35 til 59 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



EFNISYFIRLIT SKÝRINGA

EFNISYFIRLIT	BLS
1. Félagið	36
2. Grundvöllur reikningsskilanna	36
3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir	36
4. Ákvörðun gangvirðis	42
5. Starfsþáttayfirlit	44
6. Aðrar tekjur	45
7. Annar rekstrarkostnaður	45
8. Laun og launatengd gjöld	45
9. Afskriftir	45
10. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	46
11. Tekjuskattur	46
12. Rekstrarfjármunir	47
13. Hlutdeildarfélög	48
14. Önnur félög	48
15. Skatteign/Tekjuskattsskuldbinding	48
16. Birgðir	49
17. Viðskipta- og aðrar skammtímakröfur	49
18. Handbært fé	49
19. Eigið fé	49
20. Hagnaður á hlut	50
21. Vaxtaberandi skuldir	50
22. Skuldbinding vegna niðurrifs	51
23. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	51
24. Stýring fjármálalegrar áhættu og fjármálagerningar	52
25. Tengdir aðilar	57
26. Fyrirtæki í samstæðunni	57



1. Félagið

RARIK ohf. er opinbert hlutafélag með lögheimili að Bíldshöfða 9 í Reykjavík. Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2012 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“ og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum. Aðalstarfsemi fyrirtækisins er framleiðsla, sala og dreifing á raforku og heitu vatni til neytenda.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn 26. febrúar 2013.

b. Grundvöllur matsaðferða

Reikningsskil samstæðunnar eru gerð á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, jafnframt er hluti rekstrarfjármuna félagsins færður á endurmetnu kostnaðarverði. Fjallað er um mat á gangvirði í skýringu nr. 4.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

d. Mat og áætlanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaða krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýring nr. 3d (i) - rekstrarfjármunir (vegna endurmats)
- Skýring nr. 15 - skatteign/tekjuskattsskuldbinding
- Skýring nr. 22 - skuldbinding vegna niðurrifs

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum og af öllum félögum í samstæðunni fyrir utan að félagið jafnar afskriftum af endurmati rekstrarfjármuna á óráðstafað eigið fé til samræmis við heimild í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Umrædd breyting hefur ekki áhrif á eigið fé. Jafnframt er yfirlit um heildarafkomu birt nú í tveimur yfirlitum rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu en var áður birt í einu yfirliti um heildarafkomu.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir frh.

a) Grundvöllur samstæðu

(i) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yferráð. Yferráð eru til staðar þegar samstæðan hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu félags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yferráðum er tekið tillit til mögulegs atkvæðisréttar sem þegar er nýtanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum samstæðunnar frá því að yferráð nást og þar til þeim lýkur. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt þegar nauðsynlegt hefur verið að aðlaga þær að reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

(ii) Hlutdeildarfélag

Hlutdeildarfélag eru þau félög sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yferráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar félagið ræður yfir 20-50% atkvæðisréttar. Hlutdeildarfélag eru færð í ársreikning samstæðunnar með hlutdeildaraðferð.

Ársreikningur samstæðunnar inniheldur hlutdeild í hagnaði eða tapi og öðrum tekjum og gjöldum færðum á eigið fé hlutdeildarfélag samkvæmt hlutdeildaraðferð. Hlutdeildaraðferðinni er beitt frá því að veruleg áhrif nást og þar til þeim lýkur. Verði hlutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélagins er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir þessi félög eða fjármagnað þau. Ef hagnaður verður af rekstri hlutdeildarfélag á síðari tímabilum er ekki færð hlutdeild í hagnaði þeirra fyrr en hlutdeild í tapi sem ekki var fært hefur verið jöfnuð.

(iii) Viðskipti felld út úr samstæðureikningnum

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, staða milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar. Óinnleystur hagnaður sem hefur myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélag er felldur út í samræmi við hlutdeild samstæðunnar í félögunum. Óinnleyst tap er felld út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar fjárfestinganna.

b) Erlendir gjaldmiðlar

(i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörstegi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Gengismunur sem þannig myndast er færður í rekstrarreikning.

c) Fjármálagerningar

(i) Fjármálagerningar aðrir en afleiðusamningar

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í hlutabréfum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.



3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir frh.

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til lækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir. Fjármálagerningar eru færðir í ársreikning þegar félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagerninga. Fjáreignir eru felldar út úr ársreikningi ef samningsbundinn réttur samstæðunnar að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða ef samstæðan yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldi á þeim felst. Bókhaldsskráning hefðbundinna kaupa og sölu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárskuldir eru felldar út úr ársreikningi ef skuldbindingar samstæðunnar sem skilgreindar eru í samningi eru greiddar, falla úr gildi, er vísað frá eða þeim er aflétt.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Í skýringu 3(j) er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda

Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Fjármálagerningur er flokkaður sem fjáreign eða fjárskuld á gangvirði gegnum rekstrarreikning sé hann veltufjáreign eða veltufjárskuld eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

Aðrir fjármálagerningar

Aðrir fjármálagerningar, sem ekki teljast afleiðusamningar, eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

(ii) Afleiðusamningar

Við upphaflega skráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði. Viðskiptakostnaður þeim tengdur er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til. Eftir upphaflega skráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning.

(iii) Hlutfé

Almennt hlutfé

Kostnaður við útgáfu hlutfjár er færður til lækkunar á eigin fé.

Endurkaup á hlutfé

Þegar hlutir sem flokkaðir eru sem eigið fé eru keyptir er fjárhæð kaupverðsins, að meðtöldum beinum kostnaði, færð til lækkunar á eigin fé.



3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir frh.

d) Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir, aðrir en virkjanir og dreifikerfi, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað, launakostnað og annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun, auk kostnaðar sem áætlað er að muni falla til við niðurrif eigna. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna. Þegar endurmetnir varanlegir rekstrarfjármunir eru seldir er endurmat þeirra meðal eigin fjár fært á óráðstafað eigið fé.

Vaxtagjöld af lánsfé sem nýtt er til fjármögnunar á kostnaðarverði mannvirkja í byggingu eru eignfærð á byggingartíma.

Virkjanir og dreifikerfi samstæðunnar eru skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar hækkningar vegna þessa endurmats eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Við sölu, afskriftir eða niðurlagningu eignar er sá hluti endurmatsreikningsins sem tilheyrir viðkomandi eign færður á óráðstafað eigið fé.

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Virkjanir	60 ár
Veitukerfi	20-33 ár
Aðrir rekstrarfjármunir	5-50 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi.

e) Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörssdegi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.



3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir frh.

f) Virðisrýrnun

(i) Fjáreignir

Á hverjum uppgjörstigi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign telst hafa rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af viðkomandi eign verði lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti hins vegar.

Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega hver um sig með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum

Virðisrýrnun fjáreigna er færð í rekstrarreikning.

(ii) Aðrar eignir

Bókfært verð eigna, að undanskildum birgðum og skatteign, er yfirfarið á hverjum uppgjörstigi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópum eigna. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna sem tilheyra einingunni. Virðisrýrnun endurmats eigna er færð á eigið fé til lækkunar á endurmatsreikningi að því marki sem nemur endurmati vegna þeirrar eignar. Virðisrýrnun umfram það er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar er hreint gangvirði hennar eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

g) Hlunnindi starfsmanna

(i) Iðgjaldatengd lífeyriskerfi

Kostnaður vegna framlaga í iðgjaldatengd lífeyriskerfi er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

h) Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar samstæðunni ber lagalega skyldu eða hefur tekið á sig skuldbindingu vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingin er metin út frá væntu framtíðarfjárflæði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni.

Niðurrifskostnaður

Félagið hefur áætlað kostnað við niðurrif núverandi línustæða. Áætlunin byggist á mati sérfræðinga. Niðurrifskostnaðurinn hefur verið núvirtur miðað við áætlaðan líftíma háspennulína félagsins og er núvirt fjárhæð færð annars vegar til hækkunar á viðkomandi eign og hins vegar sem skuldbinding í efnahagsreikningi. Vextir á niðurrifskostnað voru 6,9% á árinu 2012 að viðbætti verðtryggingu.



3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir frh.

i) Tekjur

Tekjur af sölu og dreifingu á raforku og heitu vatni eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu. Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu vöru eða þjónustu.

Tekjumörk

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjumörkum sem gefin er út af Orkustofnun í samræmi við ákvæði raforkulaga nr. 65 frá 2003. Tekjumörkin byggja á rauntölum fyrri ára úr rekstri dreifiveitu, afskrift fastafjármuna, rauntöpum í dreifikerfi og arðsemi á bundið fé í dreifiveitu. Arðsemi dreifiveitu af dreifingu raforku skal vera sem næst vegnum fjármagnskostnaði, að teknu tilliti til skatta og að frátöldum verðlagsbreytingum. Arðsemi til grundvallar tekjumörkum skal vera jöfn hlutfalli milli annars vegar hagnaðar fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld en að frádregnum sköttum (EBIT að frádregnum sköttum) og hins vegar bókfærðs virðis fastafjármuna sem nauðsynlegir eru til reksturs dreifiveitunnar auk 20% af tekjumörkum síðasta árs til að mæta kostnaði af veltufjármunum. Við ákvörðun tekjumarkna er ekki litið til raunverulegra fjármagnsliða. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjumörk og áætlanir um raforkusölu á dreifiveitusvæðum félagsins, annars vegar fyrir þéttbýli og hins vegar fyrir dreifibýli.

j) Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gangvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning, gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar skuldbindinga, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum, tapi af afleiðusamningum og virðisrýrnun fjáreigna. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Hagnaður eða tap vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er fært nettó.

k) Tekjuskattur

Tekjuskattur á afkomu tímabilsins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé eða liðum færðum meðal annarra tekna og gjalda færðra á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörssdegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir frh.

l) *Hagnaður á hlut*

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði þar sem fyrirtækið hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða gefið út breytanleg skuldabréf.

m) *Starfspáttayfirlit*

Rekstrarstarfspáttur er hluti samstæðunnar sem fæst við viðskipti og er fær um að afla tekna og stofna til gjalda, að meðtöldum tekjum og gjöldum vegna viðskipta við aðra hluta samstæðunnar. Afkoma allra starfspátta samstæðunnar er reglulega yfirfarin af forstjóra til að ákvarða hvernig eignum hennar er skipt á starfspætti og til að meta frammistöðu þeirra.

Viðskipti milli starfspátta eru verðlögð eins og um óskylda aðila væri að ræða.

Rekstrarafkoma starfspátta, eignir og skuldir þeirra samanstanda af liðum sem tengja má beint við hvern starfspátt, auk þeirra liða sem hægt er að skipta skynsamlega niður á starfspætti. Liðir sem ekki eru flokkaðir með einstökum starfspáttum eru aðallega fjárfestingar og tengdar tekjur, lántökur og tengdur kostnaður, sameiginlegar eignir og tengdur kostnaður, auk frestaðs tekjuskatts.

Fjárfestingar starfspátta eru kaup á rekstrarfjármunum.

Félagið hefur eftirfarandi starfspætti:

Orkudreifing

Til orkudreifingar telst sá hluti starfseminnar sem er háður sérleyfi um dreifingu rafmagns samkvæmt raforkulögum, án þátttöku í sameiginlegri starfsemi ss. yfirstjórn.

Orkusala

Undir orkusölu fellur sala rafmagns.

Annað

Undir annað telst rekstur hitaveitna, kostnaður við yfirstjórn, rekstur stoðdeilda, tekjur vegna nýrra viðskiptavina og önnur starfsemi.

p) *Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem hafa ekki verið innleiddir*

Samstæðan hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem Evrópusambandið hefur staðfest og tekið hafa gildi í árslok 2012 og eiga við um starfsemi hennar. Samstæðan hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi eftir árslok 2012, en heimilt er að taka upp fyrir. Áhrif þess á reikningsskil samstæðunnar hafa ekki verið metin að fullu en talið er að þau séu óveruleg.

4. Ákvörðun gangvirðis

